

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2023
Tilv.:22121007 / SHK

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (rafvæðing smábata) – 539. mál

Samgöngustofa vísar til crindis atvinnuveganefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (rafvæðing smábata), 539. mál. Samkvæmt frumvarpinu er útfærð tillaga að hvata til fjárfestinga í nýjum bátum eða skipum sem ganga fyrir rafmagni með drifrahlöðum í stað jarðefnaeldsneytis.

Stofnunin telur að framþróun á þessu sviði sé jákvæð og er sammála þeim tilgangi sem frumvarpinu er ætlað að vinna að.

Samgöngustofa telur þó nauðsynlegt að benda á að í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki verði talið að ákvæði frumvarpsins muni hafa fjárhagsáhrif á ríkissjóð og að framkvæmd skráningar á skipaskrá og eftirlit Samgöngustofu ætti að rúmast innan fjárheimilda stofnunarinnar. Þessu er Samgöngustofa ósammála.

Að mati Samgöngustofu er ljóst að tillagan mun hafa áhrif á starfsemi stofnunarinnar að því er varðar hlutverk hennar við skráningu og eftirlit með skipum. Enginn rafbátur er í dag skráður á skipaskrá stofnunarinnar. Þá hefur stofnunin ekki fengið fyrirspurnir um smíði, innflutning eða skráningu slíkra báta. Raunar hafa fyrirspurnir sem lúta að orkuskiptum beinst frekar að vetnissellum eða öðrum umhverfisvænum orkugjöfum. Því liggur ekki fyrir kostnaðargreining á sköðunum, eftirliti og skráningu slíkra báta né er það innifalið í núverandi rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir komandi ár.

Ljóst er að miða þyrfti við erlendar reglur flokkunarfélaga eða aðrar sambærilegar reglur annarra ríkja við skráningu og eftirlit rafbáta hér við land þar sem ekki eru til sértækar reglur hér á landi. Samgöngustofa hefur ekki útbúið sérstaka sköðunarhandbók eða tekið út skip samkvæmt slíkum kröfum og myndi því eðli málsins samkvæmt falla til kostnaður hjá stofnuninni vegna þjálfunar og/eða ráðningar nýrra starfsmanna til verksins.

Samgöngustofa ítrekar að stofnunin leggst ekki gegn efni frumvarpsins, þvert á móti fagnar stofnunin hverju skrefi sem stigið er í átt að auknum orkuskiptum. Það þarf þó að liggja ljóst fyrir að breytingaskref í þessa átt munu fyrst um sinn leiða til aukins kostnaðar hjá stofnuninni.

Virðingarfyllst

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar

Aron Freyr Jóhannsson
lögfræðingur